

5. bekkur íslenska

Kennarar: Kristín Kría Birgisdóttir; Lára Thors

Lýsing

Íslenska skiptist í talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Markmið

Íslenska skiptist í talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013.

Námsefni

Orðspor, 1 grunnbók og vinnubók, Málrækt 2, Mál til komið grunnbók, Réttritunarorðabók, Skinna vinnubók. I og II. Flökkuskinna, ýmis verkefni af vef og frá kennurum. Fjölbreyttar bækur til lestrar í yndis- og heimalestri.

Kennsluaðferðir

Þjálfunaræfingar, umræðu og spurnaraðferðir, Leitaraðferðir, hópvinnubrögð, sjálfstæð, skapandi viðfangsefni, PALS, samþætting við samfélags- og náttúrufræði.

Námsmat

Lesfimiþróf a.m.k. þrisvar yfir veturinn. Lesskilningsþróf, Orðarún. Símat, leiðsagnarmat, kannanir, verkefni.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk

- **Framvinda**
- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Talað mál, hlustun og áhorf

- Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.
- Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.
- Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Lestur og bókmenntir

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.
- Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.
- Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.
- Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.
- Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.
- Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Ritun

- Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.
- Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

- Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirsmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni.
- Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.
- Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Íslenska fyrir 5.-7.bekk - Málfræði

- Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það.
- Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.
- Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta.
- Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál.
- Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins.
- Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu.

Lesfimiviðmið 1.-10. bekkur - 5. bekkur

- **5. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
September - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **5. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Janúar - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **5. BEKKUR - LESFIMIPRÓF**
Maí - Fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.
- **LESFIMIVIÐMIÐ**
Viðmið fyrir 5. bekk. Útskýring á matstáknum. Rétt lesin orð á mínútu: Undir viðmiði = færri en **90**. Viðmið 1 = **90-139**. 90% af nemendum. Viðmið 2 = **140-159**. 50% af nemendum. Viðmið 3 = **160** eða fleiri. 25% af nemendum. Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 5. bekkjar.

Orðarún - Mat á lesskilningi í 3.- 8.bekk - 5. bekkur

- **5. bekkurORÐARÚN - PRÓF 1** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því.Útskýring á matstáknum.**Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt**Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 10 af 20 atriðum rétt**Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 11 til 15 af 20 atriðum rétt**Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 16 til 19 atriðum**Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum
- **5. bekkurORÐARÚN - PRÓF 2** Lesskilningsprófið Orðarún reynir á ferns konar færni; greina staðreyndir, draga ályktanir, að átta sig á meginefni texta og útskýra orð og orðasambönd. Notast er við prófið Orðarún til að meta stöðu og framfarir. Athugið að prófið er staðlað fyrir apríl og ber að túlka niðurstöður samkvæmt því.Útskýring á matstáknum.**Hæfni ekki náð** = Nemandi svaraði á bilinu 0 til 6 af 20 atriðum rétt**Parfnast þjálfunar** = Nemandi svaraði á bilinu 7 til 9 af 20 atriðum rétt**Á góðri leið** = Nemandi svaraði á bilinu 10 til 16 af 20 atriðum rétt**Hæfni náð** = Nemandi svaraði nær öllu rétt eða 17 til 19 atriðum**Framúrskarandi** = Nemandi svaraði öllu rétt eða 20 af 20 atriðum

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Hugarheimur- Sjálfsmýnd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum

- Gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum.

Samfélagsgreinar fyrir 5.-7. bekk - Félagshéimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra

- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.